

Ársskýrsla

2021

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Mannauður	4
Aðstaða	6
Fræðslustarfsemi á árinu	7
Námsráðgjöf og raunfærnimat	13
Önnur starfsemi	15
Gæðastarf og stefnumótun	17
Skipulagsskrá Fræðslunetsins	18

Inngangur

Starfsemin árið 2021, sem var 22. starfsár Fræðslunetsins, bar enn eitt árið einkenni Covid faraldursins og sóttvarnatakmarkanna í kjölfar hans. Starfsumhverfi starfsmanna og námsumhverfi námsmanna var sífellt að breytast eftir því sem sem takmarkanir eða tilslakanir litu dagsins ljós og var þessi óvissa til staðar allt árið.

Í þessari ársskýrslu er fjallað um helstu starfsþætti í starfinu og minnst á þær breytingar sem hafa átt sér stað. Framsetningin er lík þeirri sem verið hefur undanfarin ár; þ.e. lögð er áhersla á gagnorðan og stuttan texta ásamt töflum.

Árlega er ársreikningur og ársskýrsla send eigendum Fræðslunetsins, ríkisskattstjóra og Mennta- og menningarráðuneytinu. Þá er ársskýrslan og ársreikningur alltaf aðgengileg almenningi á vefsvæði Fræðslunetsins; www.fraedslunet.is.

Umsjón og ábyrgð með ársskýrslu þessari hefur haft Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

Mannauður

Stjórn

Stjórn Fræðslunetsins breyttist ekki á árinu og er nú skipuð eftirtöldum fulltrúum eigenda:

- Sigursveinn Sigurðsson, formaður (kosinn af Fjölbrautaskóla Suðurlands)
- Laufey Ósk Magnúsdóttir, varaformaður (kosin af Atorku, félagi atvinnurekenda á Suðurlandi)
- Ása Valdís Árnadóttir (kosin af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga)
- Magðalena Jónsdóttir (kosin af Sambandi sunnlenskra kvenna)
- Gils Einarsson (kosinn af stéttarfélögum á Suðurlandi)

Stjórnin fundaði alls sex sinnum á árinu og voru flestir fundirnir teknir í gegnum TEAMS.

Fundargerðir funda má lesa á vefsvæði Fræðslunetsins á [þessari slóð](#).

Starfsmenn þann 01.12.2021 að störfum

Starfsmannabreytingar urðu nokkrar árið 2021. Sædís kom aftur að hluta inn úr fæðingarorlofi, þær Steinunn, Áslaug og Eydís minnkuðu allar við sig starfshlutfall. Anna Valgerður Sigurðsdóttir bætti hinsvegar við sig starfshlutfalli á móti:

Eyjólfur Sturlaugsson	framkvæmdastjóri	100%
Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir	verkefnastjóri/staðgengill framkv.st.	50%
Eydís K. Guðmundsdóttir	náms- og starfsráðgjöf/verkefnastjóri	90%
Lilja Össurardóttir	verkefnastjóri	100%
Sædís Ösp Valdemarsdóttir	verkefnastjóri	50%
Róslín Alma Valdemarsdóttir	verkefnastjóri	50%
Oddný Gísladóttir	þjónustufulltrúi	100%
Sólveig Kristinsdóttir	náms- og starfsráðgjöf/verkefnastjóri	80%
Viktor Valur Carlsen	kvöldumsjón	45%
Sigríður E. Kristinsdóttir	þrif	30%
Áslaug Einarsdóttir	verkefnastjóri	40%
Sandra D Gunnarsdóttir	verkefnastjóri	100%
Anna V. Sigurðsdóttir	verkefnastjóri	80%
Samtals stöðugildi:		9,15

Starfsmannahald

Þar sem nokkrir starfsmenn minnkuðu við sig starfshlutfall skapaðist tækifæri á því að færa landfræðilega aðeins til stöðuhlutföll. Mesta fólksfjölgunin síðustu árin hefur verið á vestursvæðinu, þ.e. í Árborg, Þorlákshöfn og í Hveragerði. Í því ljósi hefur undanfarin tvö ár verið lögð áhersla á að stækka starfsmannahópurinn á Selfossi.

Einn starfsmaður þurfti á aðgerð að halda og var frá í marga mánuði. Vegna þeirrar fjarveru þurfti að fresta nokkrum raunfærnisverkefnum fram yfir áramótin 2021/2022.

Starfsmenn fóru í starfsþróunarviðtal hjá framkvæmdastjóra í febrúar og mars og haldnir voru tveir starfsdagar en tveimur þurfti að fresta vegna Covid. Starfsmannafundir voru haldnir að meðaltali þrisvar sinnum í mánuði á starfstíma og voru allir haldnir á TEAMS.

Endurmenntun

Starfsmenn Fræðslunetsins sinntu áfram því hlutverki á árinu 2020 að uppfæra þekkingu sína og varð hún síður minni en árin áður. Mikið og aukið framboð er á stafrænu efni sem hægt er að njóta við skrifborðið eða heima hjá sér. Almennt er starfsfólkið duglegt að viðhalda þekkingu sinni og að tileinka sér nýja hæfni.

Á árinu fóru starfsmenn m.a. saman í kynningarheimsókn austur á land og kynntu sér starfsemi Austurbrúar.

Verktakar í kennslu

Eins og áður var nánast öll kennsla og fræðsla Fræðslunetsins mönnum með verktökum. Alltaf var leitast við að ráða til kennslu kennaramenntað fólk við námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, íslensku fyrir útlendinga og til fræðslu fatlaðs fólks. Við styttri námskeið eins og þau sem snúa að starfsþróun (núvitund, sjálfstyrking og fl.) voru valdir sérfræðingar á því tiltekna sviði.

Litlar breytingar eru á milli ára í hópi verktaka sem kenna fyrir Fræðslunetið. Margir kennarar í verktöku hafa unnið hjá Fræðslunetinu árum saman og eru Fræðslunetinu afar dýrmætir. Sérstök viðhorfakönnun, sem var hluti af innra mati, var gerð meðal verktaka á árið 2020 og þar kom fram mikil ánægja meðal þeirra með störf sín hjá Fræðslunetinu.

Aðstaða

Húsnæði

Eitt af megin hlutverkum Fræðslunetsins er að þjóna öllu Suðurlandi. Til að geta sinnt fræðslustarfi í öllum landshlutanum hefur Fræðslunetið komið sér upp starfsstöðvum og námsverum auk þess að vera með samninga við aðila sem leigja húsnæði. Mannaðar starfsstöðvar Fræðslunetsins eru nú fjórar; á Selfossi, á Hvolsvelli, í Vík og á Höfn. Þá rekur Fræðslunetið tvö námsver til viðbótar; á Hellu og á Kirkjubæjarklaustri.

Vinnuaðstaða nemenda og starfsmanna Fræðslunetsins í húsakynnum þess verður að teljast almennt góð.

Aukið fjarnám á ýmsum sviðum fræðslunnar hefur þó orðið til þess að aðstaða á öllum starfsstöðvum Fræðslunetið hefur verið sífellt minna notuð.

Búnaður

Endurnýjun á aðbúnaði starfsmanna hélt áfram og voru bæði keyptar nýjar fartölvur, skjáir og nýir skrifborðsstólar fyrir starfsfólkið. Nú eru flestir starfsmenn komnir með tvo skjái og nýlegar spjald- og fartölvur.

Vegna Covid og heimavinnu starfsmanna var nokkuð fjárfest í búnaði til þess að létta fólki að vinna heima hjá sér. Dæmi eru um að starfsfólk hafi dokku, skjá, lykkaborð/mús, skrifstofustól og borð.

Hefðbundið viðhald fór fram á búnaði í kennslustofum, m.a. var keypt mikið og fullkomið ráðstefnukerfi í stærstu kennslustofuna í Fjölheimum á Selfossi.

Hluti þess búnaðar sem er notaður í kennslustofum er þó orðinn nokkuð gamall og þá sérstaklega skjávarpar. Reikna má með því að margir þeirra gefi upp öndina á næstu tveimur árum.

Fræðslustarfsemi á árinu


Heildarfjöldi námsmanna

Árið 2021 varð rólegra í hluta fræðslustarfseminnar en árið á undan, en í öðrum hluta starfseminnar varð vöxtur. Bein opinber framlög til fræðslu drógust hlutfallslega lítilliga saman milli ára þannig að ekki var hægt fyrirfram að gera ráð fyrir vexti í fræðslunni. Covid hafði sem fyrr veruleg áhrif á fyrirtækjafræðsluna og fræðslu fatlaðs fólks.

Ár	Nám-skeið	Námsm. innritaðir	Námsm. útskrif.	Brottfall	Nemenda-stundir	Meðalfjöldi í námshópi
2017	183	1.680			78.902	9,2
2018	135	1.439	1.285	10,7%	58.766	10,6
2019	118	1.261	1.143	9,4%	49.722	10,7
2020	118	1.154	1.032	10,6%	50.953	9,8
2021	145	1.227	1.041	15,2%	52.466	8,5

Þrátt fyrir ýmsar takmarkanir vegna Covid sóttvarna, þá er árið 2021 að koma út nokkuð betur út en árið á undan. Námshópum fjölgar nokkuð en færri en áður eru að meðaltali í námshópum. Ástæða þessa eru sóttvarnarreglur og einnig að eftirspurn eftir sumu námi var í minni kantinum. Brottfall eykst mikið jafnhliða aukinni aðsókn á virkninámskeið.

Um 73 % af öllum nemendastundum eru kenndar á tveimur námssviðum; þ.e. íslenska fyrir útlandinga og á FA námsbrautum. Hlutfallsskipting nemendastunda er eftirfarandi:



Íslenska fyrir útlendinga

Að venju var kennsla í íslensku fyrir útlendinga umfangsmikil í starfseminni. Opinbert framlag til Fræðslunetsins vegna þessa var 8.000.000 kr á árinu. Aðsókn að námskeiðum var mjög góð framan af ári, en dró úr henni eftir því sem leið á haustið. Fræðslunetið notaði allt sitt framlag frá Rannís til íslenskukennslunnar og fékk viðbótarfé, sem ekki reyndist síðan þörf fyrir. Allri eftirspurn eftir íslensku fyrir útlendinga á Suðurlandi var því fullnægt á árinu.

Námskeið voru haldin vítt og breitt um starfssvæðið og kennd af leiðbeinendum með full kennsluréttindi.

Ár	Nám-skeið	Námsm. útskrif.	Námsm. innrit.	Brott-fall	Nemenda stundir	Fjöldi í námshópi
2017	27	286				10,6
2018	33	376	430	12,6%	22.560	11,4
2019	30	336	386	11,8%	22.329	11,2
2020	28	326	369	11,3%	20.640	11,6
2021	30	338	303	10,4%	19.230	11,2

Nemendahóparnir voru nokkuð stórir framan af ári en minnkuðu þegar á leið. Nokkur námskeið voru kennd á vinnustað og þótt þau séu einnig hluti fyrirtækjaþjónustunnar þá flokkast þau hér.

Á árinu hófst tilraun með fjarnám í íslensku fyrir þá útlendinga sem lengra voru komnir í námi sínu. Nokkuð vel tókst til og voru þátttakendur í náminu af öllu landinu. Kennt var frá Höfn í Hornafirði.

Námsbrautir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA)

Stærsta einstaka fjárveitingin til Fræðslunetsins á hverju ári er fé til að kenna vottað nám. Árið 2021 fékk Fræðslunetið úthlutað til verksins kr. 35.786.000. Undanfarin ár hefur þróunin á landsvísu að hið opinbera veitir sífellt minna fé til framkvæmdarinnar, sem hefur leitt af sér að færri nemendur ljúka námi.

Nám á flestum vottuðum námsbrautum er í boði sem bæði stað- og fjarnám. Aukist hefur að fólk búsett annarsstaðar en á Suðurlandi sækir þetta nám.

Hluti af vottaða náminu fór fram á vegum fyrirtækja en er flokkað hér með námsbrautum frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Ár	Námsbrautir	Námsm. innrit	Námsm. ljúka	Brottfall	Nemendastundir
2017	10	252	204	19%	30.500
2018	13	197	184	9%	28.560
2019	10	145	136	6%	21.128
2020	7	102	96	6%	21.414
2021	7	165	154	7%	22.928

Heldur meiri aðsókn var í námsbrautirnar en árið á undan og urðu nemendastundirnar rúmlega eitt þúsund fleiri.

Undanfarin ár hefur Fræðslunetinu tekist að festa í sessi hjá sér eftirfarandi námsbrautir; Leikskólaliðabraut, Félagsliðabraut og Menntastoðir. Þessar brautir eru „stórar“ og alltaf í gangi þannig að íbúar á Suðurlandi gera sér betur og betur grein fyrir að það er alltaf opinn aðgangur að þessu námi hjá Fræðslunetinu. Til viðbótar við þennan námsbrautarkjarna var boðið upp á fisktækninámskeið og hluta af grunnmenntaskóla á árinu.

Vinnumálastofnun samdi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins um að bjóða atvinnuleytendum upp á nám í framhaldsfræðslunni undir kjörorðinu „nám er tækifæri“ Fræðslunetið fékk sérstakan kvóta úthlutað til þessa en þrátt fyrir ýmsar tilraunir tókst ekki að búa til lágmarks hópa sem vildu nýta sér þetta úrræði.

Símenntun fyrir fólk með fötlun

Námskeið fyrir fólk með fötlun er ríkur þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Námskeiðin eru haldin á Selfossi og á Höfn. Nokkuð jöfn aðsókn er í námskeiðin og nær framboðið að sinna

eftirspurn á svæðinu nokkuð vel. Markhópurinn á Suðurlandi er að eldast og þarf hann því meiri stuðning, sem takmarkar nokkuð fjölda á hvert námskeið.

Þjónusta Fræðslunetsins í þessari fræðslu byggist á árlegu framlagi frá Fjölmenn til kennslunnar. Framlagið fyrir árið, sem var kr 15.000.000, hefur ekki fylgt verðþróun undanfarinna ára og þetta árið var það þar að auki skert lítilega. Það hefur leitt til þess að framlagið dekkar tæplega núverandi útfærslu við námskeiðin og fræðslan því orðin Fræðslunetinu dýrari en áður.

Ár	Námskeið	Námsm. Innrit.	Námsm. ljúka	Brott-fall	Nemendast undir	Fjöldi í hópi
2017	39	131	128	2%	2.296	3,3
2018	41	150	143	5%	2.284	3,5
2019	37	143	136	5%	2.127	3,7
2020	43	125	112	10%	1.415	2,6
2021	47	132	129	4%	1.700	2,7

Covid árin 2020 og 2021 skera sig úr þar sem farin var sú leið að fækka á hverju námskeiði vegna tveggja metra reglunnar en fjölga námskeiðum og stytta á móti. Þannig urðu til fjölmörg stutt 2 – 3 manna námskeið. Með þessu úrræði var hægt að koma fræðslu til þessa hóps, sem þótti viðkvæmur fyrir Covidsmitum og gat ekki notfært sér fjarnám.

Endurhæfingar- og virkninámskeið

Undanfarin ár hafa ýmis námskeið ætluð einstaklingum, sem þurfa á ýmsum úrræðum að halda til að verða virkir í samfélaginu, verið í talsverðum vexti og orðið ríkari þáttur í starfsemi Fræðslunetsins. Fræðslunetið hefur staðið að hönnun slíkra námskeiða fyrir þjónustuþega frá Birtu starfsendurhæfingu Suðurlands, Virk og Vinnumálastofnun.

Árið 2021 var algjört metár hvað varðar virkninámskeið og er umsýslan í kringum þessi námsúrræði orðin verulega umfangsmikil. Fjölbreytileikinn hefur einnig vaxið og námskeiðin verið á íslensku og ensku og hluti þeirra verið í fjarnámi.

Fræðslunetið hefur sífellt verið að hanna ný úrræði í samstarfi við samstarfsaðila og litu nokkur slík úrræði dagsins ljós á árinu.

	Fjöldi námsk.	Námsm. innrit.	Námsm. útskrif.	Brott fall	Nem. - stundir	Fjöldi í hópi
2017	12	199				16,6
2018	11	171	132	23%	2.884	12
2019	14	193	150	22%	4.024	14
2020	26	363	300	17%	6.321	12
2021	41	486	351	15,3	8.002	11,9

Vöxtur þessara námskeiða er mikill eins og sjá má í töflunni hér fyrir ofan. Sem dæmi þá hefur nemendastundum fjölgað um 277% frá árinu 2018.

Fræðsla fyrir fyrirtæki og greining fræðsluþarfa

Frá 2017 hefur fræðsla fyrir fyrirtæki og stofnanir verið vaxtarsproti í starfsemi Fræðslunetsins. Frá 2020 og út árið 2021 hefur hinsvegar verið mikill samdráttur vegna Covid.

Ár	Fjöldi námsk.	Námsm. innrit	Námsm. ljúka	Brott-fall	Nemenda stundir
2018	36	478	426	10 %	2.355
2019	21	343	340	1%	2.214
2020	12	200	200	0%	1.027
2021	10	104	104	0%	541

Staða fyrirtækjafræðslunnar fyrir árið 2021 er ekki alveg jafnslæm og sýnist, því bæði var kennd íslenska fyrir útlendinga á vinnustað og einnig vottaðar námsleiðir FA, en þessi námskeið eru ekki færð með fyrirtækjafræðslu í þessari samantekt, þótt sannarlega eigi fræðslan einnig heima þar.

Stærsti hluti þeirra fyrirtækja sem Fræðslunetið hefur verið að þjóna eru ferðaþjónustufyrirtæki. Engin atvinnugrein hefur verið að fara eins illa út úr Covid og einmitt ferðaþjónustan og nú fyrst árið 2022 er farið að horfa vænlega fyrir þessari mikilvægu atvinnugrein á Suðurlandi.

Greining fræðsluþarfa hjá fyrirtækjum og stofnunum í gegnum verkefnið “Fræðslustjóri að láni” er annar angi fyrirtækjaþjónustu. Um er að ræða samninga sem starfsmenntasjóðir gera við Fræðslunetið, sem fer sem verktaki, í umboði þeirra inn í fyrirtæki til að greina fræðsluþarfir og gera fræðsluáætlun. Árið 2021 voru tveir slíkir samningar gerðir og bendir allt til að aftur sé að færast líf í þessa þjónustu.

Ár	Fjöldi samninga	Alls upph. samninga
2017	2	1.820.000
2018	6	6.895.400
2019	2	2.040.522
2020	0	0
2021	2	3.041.748

Námsráðgjöf og raunfærnimat

Námsráðgjöf

Alls fékk Fræðslunetið 9.323.000 úthlutað frá FA til náms- og starfsráðgjafar. Námsráðgjöf gekk nokkuð skrikkjótt fyrir sig eins og árið áður. Covid takmarkaði á löngum köflum hefðbundna ráðgjöf augliti til auglitis og var þá boðið upp á rafræna ráðgjöf. Rafræna ráðgjöfin gekk vel á heildina litið. Viðtalafjöldi varð þó þegar upp var staðið mun minni en árið áður og þurfti Fræðslunetið að skila nokkru fjármagni.

Ár	Ráðþegar
2017	739
2018	689
2019	690
2020	625
2021	419

Fræðslunetið stendur vel hvað varðar náms- og starfsráðgjafa en þrír ráðgjafar sinntu ráðgjöfinni á árinu. Reynt að fjölga svokölluðum „hvattningarviðtölum“ á árinu en sá flokkur viðtala hefur verið rýr hjá Fræðslunetinu. Nokkur ávinningur varð af því átaki.

Á árinu samdi Fræðslunetið við Vinnumálastofnun um að taka viðtöl við atvinnuleitendur fyrir stofnunina. Var það gert vegna mikilla anna hjá VMST en stofnunin tókst á við mikið atvinnuleysi. Alls tók Fræðslunetið rúmlega 40 slík viðtöl. Viðtölin eru ekki skráð í gagnagrunn framhaldsfræðslunnar og birtast því ekki í ofangreindu yfirliti

Raunfærnimat

Raunfærnimat á árinu var með minnsta móti vegna veikinda starfsmanns sem hefur að mestu séð um allt raunfærnimat. Starfsmaðurinn var frá vinnu hálf árið. Heimildir eru fyrir því hjá Fræðslumiðstöðinni að framkvæma úthlutað raunfærnimat á 18 mánuðum og nýtti Fræðslunetið það sér með því að flytja það sem útaf stóð til ársins 2022.

Fræðslunetið fékk úthlutað eftifarandi raunfærnimati fyrir árið 2021:

Ferðabjónn kr. 2.444.000 -

Almenn sarfshæfni kr. 1.490.000 -

Matartækni kr. 3.548.000 -

Samtals kr.: 7.482.000 –

Í kjölfar þessa árs má svo búast við mjög miklu raunfærnimati árið 2022. Í sögulegu ljósi hefur raunfærnimat gjarnan verið ákaflega sveiflukennt milli ára og skýrist það af því að umfangsmesta námið (Félags- og leikskólaliðabryr) hjá Fræðslunetinu hefst á tveggja ára fresti.

Á árinu 2019 tók Fræðslunetið þátt í þróunarverkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins leiddi og var um að ræða raunfærnimat á mótviðmiðum atvinnulífsins. Verkefnið hófst síðla árs hjá Sláturfélagi Suðurlands á Hvolsvelli og átti því að ljúka árið 2020. Vegna Covid bæði vor og haust dróst verkefnið en því lauk með hátíðarbrag á Hvolsvelli í september 2021. Reynslan af þessu raunfærnimati og fræðslunni í kjölfarið var góð og áætlað Fræðslunetið að halda áfram á sömu braut.

Ár	Fjöldi	
	Nemendur	Einingar
2017	24	270
2018	61	3.408
2019	16	1.730
2020	43	3.331
2021	22	675

Önnur starfsemi

Vísindasjóður

Til úthlutunar 2021 úr sjóðnum var alls 1.600.000 kr. Úthlutað var tveimur styrkjum til rannsókna til doktorsgráðu. Rannsóknarverkefni fjalla eins og áður um sunnlensk fyrirbæri. Áhersla var á að auglýsa eftir styrkjum með stafrænum hætti á samfélagsmiðlum.

Hefð er fyrir því að á hátíðarfundi, sem haldinn er árlega af hálfu Vísindasjóðs, að forseti Íslands mæti og afhendi styrkina. Það gerðist þó ekki þetta árið því að hátíðarfundurinn fór eingöngu fram rafrænt vegna Covid. Forsetinn tók því þátt með þeim máta.

Notendaráð

Bergrisinn, sem er byggðasamlag um málefni fatlaðra í Árnes-, Rangárvalla- og Skaftafellssýslu, hefur falið Fræðslunetinu utanumhald um notendaráð fatlaðra á svæðinu.

Á árinu 2021 bárust nokkrar beiðnir frá Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar vegna umsókna um starfsleyfi á þjónustusvæði Bergrisans. Samkvæmt lögum þarf ráðið að veita umsögn sína um hverja umsókn fyrir sig áður en gengið er frá henni. Alls urðu fundir ráðsins þrjú á árinu.

Þróunarstarf

Vinna við þróunarverkefni var í minnsta lagi árið 2021. Fræðslunetið sótti um einn styrk í Þróunarsjóð Fræðslusjóðs atvinnulífsins en fékk hann ekki. Aðeins eitt verkefni var í gangi og lauk því um haustið:

Gæðastjórnun í fyrirtækjafræðslu. Markmiðið er að gera módel ásamt handbók sem hjálpar fræðslumiðstöðvum að tryggja gæði við fyrirtækjaþjónustu sína. Verkefnið er unnið í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Markaðs- og kynningarstarf

Markaðs og kynningarmál tóku nokkuð við sér á árinu eftir slæm Covidár. Áhersla hefur verið á rafræna nálgun og hins vegar á mikinn fjölda persónulegra heimsóknna í fyrirtæki, stofnanir og til félagasamtaka. Síðari þáttinn var erfitt að ástunda vegna Covid.

Mikið er lagt uppúr samstarfi við samstarfsaðila og að þjónusta þarfir þeirra sem best. Því er oft fundað með þeim og þarfir þeirra metnar. Helstu samstarfsaðilar á þessum vettvangi eru: Birta starfsendurhæfing, VIRK, Markaðsstofa Suðurlands og VMST.

Nánast allt kynningarefni og heimasíða er unnið af starfsmönnum Fræðslunetsins enda er í þeirra röðum afar hæft fólk á þessum vettvangi. Kynningarefni þarf stöðugt að vera að uppfæra og í því liggur talsverð vinna.

Heimsóknum á vefsvæði Fræðslunetsins fjölgaði nokkuð og fylgjendum á samfélagsmiðlum hélt áfram að fjölga milli ára. Helstu tölur úr rafrænum samfélags- og upplýsingamiðlum Fræðslunetsins eru:

Heimasíðan

Ár	Heim-sóknir	Flettingar
2017	15.933	37.397
2018	14.679	38.680
2019	5.498	16.340
2020	17.192	23.240
2021	18.187	34.373

Facebook og Instagram

Ár	Facebook Fylgjendur	Instagram Fylgjendur
2017	2.000	0
2018	2.631	53
2019	2.767	96
2020	2.958	139
2021	3.100	215

Á árinu var stofnaður aðgangur á LinkedIn fyrir Fræðslunetið og eru áform uppi um að nýta þann samskiptamiðil meira í framtíðinni.

Gæðastarf og stefnumótun

Evrópska gæðamerkið (EQM+)

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur nú aukið við vottunamerkið EQM og bætt við það vottun á raunfærnimati og vottun á námsráðgjöf. Heitir það nú EQM+.

Árið 2017 hóf Fræðslunetið yfirferð á öllum gæðaferlum og lauk að mestu mati á þeim þá um vorið. Nokkur bið var síðan á að Fræðslunetið kæmist að hjá matsaðila, en haustið 2019 hlaut Fræðslunetið núverandi EQM+ vottun sína. Áætluð endurnýjun á EQM+ vottun er haustið 2022.

Gæðaráð og innra mat

Gæðaráð Fræðslunetsins starfaði ötullega á árinu og stýrði innra mati. Gæðaráðið skipa framkvæmdastjóri og tveir verkefnastjórar. Á árinu var gerð viðhorfakönnun meðal allra námsmanna sem voru við nám á vottuðum námsbrautum Fræðslunetsins haustið 2021. Skýrsluna má finna á vefsvæði Fræðslunetsins á [þessari slóð](#). Niðurstaða úr könnuninni var góð og ekki þótti ástæða til þess að ráðast í úrbótaáætlun.

Þá er eitt að hlutverkum ráðsins að fylgja eftir úrbótaáætlun sem gerð var í kjölfar ytra matsins; þ.e. EQM+.

Stefnumótun og greining

Minni rýningarvinna og stefnumótun fór fram árið 2021 vegna Covid. Stefnumótunin hefur í gegnum tíðina nær undantekningalaust farið fram á fjórum árlegum starfsdögum. Starfsdagarnir urðu hinsvegar aðeins tveir, sem er þó tveimur fleira en árið áður.

Skipulagsskrá Fræðslunetsins

Samkvæmt skipulagsskrá Fræðslunetsins frá 2013 eru stofnendur þeir sömu og stofnuðu Fræðslunet Suðurlands 1999. Í [skipulagsskrá Fræðslunetsins](#) er listi yfir þessa stofnendur, sem sumir hverjir hafa nú sameinast öðrum eða horfið af braut.

Skipulagsskráin er byggð á lögum um sjálfseignastofnanir nr. 33 frá 1999 og því ná þau lög yfir alla starfsemi Fræðslunetsins sem ákvæði skipulagsskrárinnar dekkja ekki.